

Sandkorn

Árshátíðarblað Sandgerðisskóla árið 2023



Vöxtur—virðing—vilji—vinátta



Útgáfa Sandkorns 2023

Nemendaráð Sandgerðisskóla

Ásdís Elma formaður

Sigurlaug Unnur varaformaður

Guðjón Þorgils ritari

Karma

Elísabet Victoría

Ásdís Soffía

Benjamín Fossmar

Ragnheiður Rós

Sylvía Björg

Viktoría Ósk


Ábyrgðarmaður: Örn Ævar Hjartarson

Efnisyfirlit:

Skíðaferð 2023	4
Föstudagsþema	5
Föstudagsþema	6
Öskudagur 2023	7
Vorferð árgangs 2007	8-9
Viðtal	10
Framtíðarspá	12-16
Fréttir	17-18
Mottó	19-22
Fréttir	23

Á skíðum skemmti ég mér!

Í byrjun febrúar fóru nemendur í 7. - 10. bekk loksins á skíði í Bláfjöll. Ferðin var á vegum nemendaráðs en ráðið sá um skipulag og undibúning. Skíðafærið var eins og best verður á kosið, veðrið mjög gott og skemmtu nemendur sér mjög vel.



Vélsmiðja Sandgerðis ehf

Vélsmiðja Sandgerðis ehf.

Vitatorg 5

245 Suðurnesjabær

Föstudagspema



SMÍÐI

Sími: 869 2068 & 846 5869


Föstudagspema



**Airport
Associates**

-at your service!

Öskudagur 2023



Vorferð 9. bekkjar

Við fórum í hina hefðbundnu vorferð 9. bekkjar, þar sem fyrsti dagurinn var stútfullur af ævintýrum. Við fórum í Hveragerði í hópleiki og stóru aparóluna, við fórum á hestbak og í paintball. Við gistum í Hjarðarholti eina nótt. Á degi tvö fórum við svo til Vestmannaeyja þar sem biðu okkar rúmir tveir dagar af skemmtun. Ribsafari, ratleikur, ganga yfir gosið, heimsókn í Eldheima, sprang, margt fleira ásamt því að borða á hinum ýmsu veitingastöðum og sofa í geimskipunum.

Það sem stendur upp úr ferðinni eru allar góðu og skemmtilegu stundirnar.

Eins og....

- o Hvað allir voru virkir í hópleikjunum í Hveragerði... líka mýflugurnar.
- o Þegar Sindri sem ætlaði ekki einu sinni í vorferðina byrjaði ferðina á því að þora ekki í aparóluna og detta af hestbaki.
- o Hvernig enginn komst glæsilega niður úr aparólunni.
- o Þegar Yngvar setti upp í sig chili í Hveragerði og sveið í tunguna restina af ferðinni.
- o Hvað það gekk „vel“ hjá Kollu að telja krakkana í rútunni.
- o Hvað það var geggjað að fá að tæma úr paintball byssunum á Hilmar, Kollu og Gullu.
- o Hvað það var notalegt að vera öll saman í sveitinni í Hjarðarholti, heitur pottur, kastað á milli, spilað, spjallað og kíkt á Kollu og Gullu til að hjálpa þeim að borða allt nammið sem þær komu með.
- o Hvernig rólegu stundirnar í Vestmannaeyjum fóru allar í tafl, spil og fléttur.
- o Alltaf tónlist... Dancing In The Dark <3
- o Krónu-, Bónus-, sjoppu- og ísferðirnar í Vestmannaeyjum.
- o Hvernig sumir náðu ekki tökum á ömmu vespunum í Vestmannaeyjum, Erla klessti á hurð á verkstæði og maðurinn sem var að vinna þar kom út að athuga hvort allt væri í lagi en læsti sig þá úti. Zuzanna keyrði utan í gangstétt og endaði undir ömmu vespunni - tókst sem sagt að keyra yfir sjálfa sig.
- o Ribsafari!!
- o Sundferðirnar (já það þurfti að bæta við auka sundferð í dagskrána) þar sem nærri allir breyttust í litla krakka og renndu sér endalaust í rennibrautunum og léku sér á trampólíninu.

Heilt yfir frábær ferð þar sem ólíkir einstaklingar stigu í takt og sköpuðu góðar minningar.

Takk fyrir okkur!



*Traust þjónusta
- hratt og örugglega alla leið!*

Worldwide Services
Synchronizing the world of commerce

ups

Authorized Service Contractor

www.express.is

Viðtal við einn sterkasta mann Íslands

Fullt nafn: Theodór Már Guðmundsson

Hvaða grunnskóla fórstu í? Lindaskóla í 1. og 2. bekk, Salaskóla í 2. og 3. bekk, Lækjarskóla í 3. - 5. bekk og svo Sandgerðisskóla 6. - 10. bekk.

Hvað er það erfiðasta við að vera frægur? Ég myndi sjálfur ekki líta á mig sem frægan einstakling. Allavega ekki á sama skala og þeir frægustu á Íslandi en það er samt mjög gaman þegar einhver þekkir mann. En fólk vill oft myndir með mér vegna útliti míns, daglega spyrja túristar um mynd og þau segja það sé vegna þess ég líti út eins og alvöru nútíma víkingur þar sem ég er 208cm á hæð, 175kg og einn sterkasti maður landsins. Þau hafa kallað mig táknmynd Íslands "Symbol of Iceland" sem mér finnst mjög fyndin tilhugsun. Margir spyrja mig hvort mér finnst ekki pirrandi að vera spurður svona oft um myndir en mér finnst það alls ekki. Það er svo mikið meira en þess virði þegar ég sé brosið, hláturinn og hamingjuna hjá fólki. Það er ekki alltaf létt gleðja fólk og það að geta gert það einungis með að leyfa fólki að fá mynd með mér gleður mig einstaklega.



Hver eru helstu áhugamálin þín? Helstu áhugamál mín eru aflraunir/strongman, skemmta fólki hvort sem það er í persónu eða á samfélagsmiðlum, svo hef ég lúmskt gaman af innan-húshönnun, fara í sund og eyða góðum tíma með góðu fólki.

Ertu með hulinn hæfileika? Ætli hulinn hæfileiki minn sé ekki tungumál og hvað á létt með að ná þeim. Náði tökum á enskuni rosalega snemma, bæði skriflega og talandi og er að læra spænskuna meira og meira og mjög fljótt og einnig úkrainsku en ég næ að nota þau tungumál betur og betur á hverjum degi í vinnuni minni við að aðstoða hælisleitendur og flóttafólk.

Uppáhalds söngvari: Uppáhalds söngvari minn held ég að ég verði að segja sé The Weeknd. Varð alveg ástfangin af tónlistinni hans þegar ég hlustaði á plötuna hans Kiss Land árið 2012 og sérstaklega lagið "Love in the Sky". Það gefur mér enn gæsahúð í dag.

Hvað gerir þú í frítímanum þínum?

Í frítíma mínum finnst mér æðislegt að fara í sund í 44* gráðu heitan pott og slaka þar á og fara svo til skiptist í kalda og heitasta pottinn. Fara líka í bíó eða hafa það kosý heima í sófanum með kisunum mínum og horfa á góðan þátt eða mynd.



Ertu með skilaboð til nemandana í Sandgerðisskóla?

Það sem ég hugsa oft í dag sem ég í raun vildi að ég hefði heyrt þegar ég var í grunnskóli væri að nám er æfing fyrir heilann.

Alveg eins og þegar ég fer að lyfta til að styrkja vöðvana og taugakerfið þá mun námið styrkja og bæta heilann. Jafnvel þó maður sjái ekki hvernig eitthvað tiltekið fag sé að fara hagnast manni í framtíðinni þá er það samt geggjaf til að pusha sig og gera heilann og hugann sterkari og sterkari. Það er í raun engin galli við það.

Getur ekkert nema hjálpað þér í framtíðinni. Þannig endilega njóta námsins, horfðu á björtu hliðina og styrktu líkama, huga og sál.

Munt ekki sjá eftir því.



Föstudagsþema



Fiskmarkaður Suðurnesja



Fiskmarkaður Suðurnesja



Blaðamaður Sandkorns fékk að kíkja í kristalkúluna hjá Röggu spákonu til að kanna hvað framtíðin ber í skauti sér hjá útskriftarárgangi skólans.

Amelia Zarebska

Mun fara í FS á félagsvísindabraut. Hún mun verða sálfræðingur og mun opna einkastofu í Keflavík. Hún mun hjálpa mjög mörgum með mismunandi hugræn vandamál. Amelia kynnist draumaprinsinum í sólarlandaferð á Tenerife.

Andri Karl Bragason

Hann mun fara í Menntaskólann á Ásbrú og læra tölvuleikjagerð. Hann mun fara á samning hjá Epic Games og sjá um framleiðslu á nýjum heimum í Fortnite, Genshin impact og Roblox.

Aron Dagur Stissi

Aron mun auka við þekkingu sína um körfuboltann, mun stofna einkarekna NBA sjónvarpsstöð á Íslandi. Hann mun sjá um lýsingar á flestum leikjunum og endar sem einn mesti sérfræðingur Íslands á NBA deildinni.

Arthur Lúkas Soffíuson

Eftir 10 bekk þá fer Arthur í FS og æfir með Keflavík og fær þar samning hjá meistara flokk og skrifar undir nokkra ára samning við Malmö í Svíþjóð og spilar þar og verður síðan þjálfari þar eftir að hann hættir að spila útaf meiðslum. Eftir að hann hættir að þjálfra í Malmö býr hann til sænska ástarþætti eins og Love Island.

Ágústa María Jónasdóttir

Mun byrja að skrifa dramatískar ástarsögur á ensku. Fyrsta bókin hennar nær ekki miklum vinsældum en önnur og þriðja bókin hennar komast báðar á top 10 listann yfir mest seldu bækur í Kanada árið 2028 og 2029. Hún mun flytja til Kanada eftir það og halda áfram að skrifa vinsælar bækur.

Ármann Aaron O'Dell

Hann mun fara í FS. Árman mun komast langt í fótbolta eftir FS. Hann flytur til Bandaríkjanna eftir stúdentinn og spilar háskólabolta. Að háskólanum loknum býðst honum að spila í MLS og á hann góðan feril í þeirri deild.

Brynja Dís Vela Grétudóttir

Mun fara í háskóla í Bandaríkjunum og fer að læra fatahönnun. Hún hannar sína fatalínu og opnar verslanir sínar um allan heim. Hún verður í samstarfi við Dior, Gucci og Louis Vuitton. Hún verður milljónamæringur og eignast risastórt hús fyrir flottu fjölskylduna sína.

Elfar Þór Sæmundsson

Elfar Þór fer í FS og klárar bæði viðskiptabraut og fatasaum. Eftir háskólapróf mun hann stofna sitt eigið fatafyrirtæki sem verður mjög vinsælt hér á landi. Leikarar í veruleikabætti á Netflix sem gerast á Íslandi munu klæðast fötum fyrirtækisins og merkið verður heimsfrægt.

Elísabet Kristín Ásbjörnsdóttir

Elísabet mun fara í MK og læra bakarann ásamt frönsku. Eftir námið mun hún flytja til Biarritz í suður Frakklandi, opna lítið bakarí sem verður mjög vinsælt í hverfinu hennar. Draumaprinsinn kemur einn daginn í bakaríið hennar að kaupa uppáhaldskökuna sína og verða þau hamingjusöm til æviloka.

Elyas Ívar Moukliss

Eftir viðskiptanám í framhaldsskóla og háskóla mun Elyas taka fasteignasalaprófið og verða fasteignasali á Íslandi, Spáni og Marokkó. Hann kynnist ástinni sinni þegar hann selur henni fasteign á Spáni. Þau munu eiga heimili í öllum þremur löndunum og ferðast mikið á milli landana.

Erla Sif Xiong Brynjarsdóttir

Hún fer í FS og fer á hárgreiðslu og förðunarbraut. Hún stofnar sitt eigið fyrirtæki fyrir förðun og verður geggjað rík. Hún giftist og eignast fjögur börn. Og hún mun einnig vinna sem hárgreiðslumeistari og tekur að sér förðun og hárgreiðslu á fræga fólkinu.

Eydís Rut Ragnarsdóttir

Eydís mun fara á náttúrufræðibraut í FS því hún ætlar að stefna á að vinna með dýrum og með skólanum vinnur hún á hundahótelinu. Eftir stúdentsprófið úr FS fer hún í dýralæknánám og mun opna sína Dýralæknastöð þar sem hún mun vinna sem dýralæknir.

Gunnar Freyr Ólafsson

Gunnar útskrifast sem hagfræðingur úr virtum háskóla í Bretlandi. Gunnar fær flotta vinnu í Seðlabankanum þar sem hann notar sannfæringakraft sinn og úsjónarsemi til að koma fjármálum Íslands á góðan stað svo allir í landinu verða ánægðir. Þegar Gunnar verður fimmtugur býður hann sig fram sem forseta Íslands og vinnur kosninguna.

Herbert Snær Margrétarson

Eftir Sandgerðisskóla fer hann í Tækniskólann og lærir múrarann. Hann mun stofna sitt eigið múrara fyrirtæki sem fær risaverkefni uppi í flugstöð sem tryggir honum verk næstu 20 ár. Hann byggir eitt stærsta hús í Sandgerði og kynnist ástinni í London á Arsenal leik.

Ísak Snær Elfarsson

Ísak fer í markaðsfræði og útskrifast með hæstu einkunn. Eftir háskóla fær hann vinnu sem markaðsstjóri KSÍ og síðar FIFA. Hann hittir draumaprinsessuna á landsleik Íslands og Frakklands. Þau flytja til Sviss þar sem þau eiga heima til æviloka.

Júlíana Purý Sól Andrésdóttir

Hún fer í FG og tekur listnámsbraut. Hún fær mikinn áhuga á leiklist. Eftir að hún er búin að útskrifast, flytur hún til Hollywood. Hún fær hlutverk í kvikmyndum sem verða mjög vinsælar og verður þekkt leikkona. Hún fær svo mikinn pening að hún verður multi-billionaire.

Karlolina Staselyte

Karolina mun fara í Tækniskólann og læra forritun. Hún mun mastera forritunina og mun búa til forrit þar sem nóg er að hugsa um hluti til að panta þá á netinu. Milljarðar manna munu kaupa forritið og mun hún verða ein ríkasta manneskja í heiminum út af þessari uppfinningu.

Kinga Viktoria Jarosz

Kinga fer í MK eftir Sandgerðisskóla að læra matreiðslu. Þar leggur hún áherslu á BBQ. Hún opnar sinn eigin BBQ bar í Texas þar sem býður upp á sígilda BBQ rétti og skemmtilega tónlist. Hún giftist gæja frá Mexico og eignast 6 börn, 4 stráka og 2 stelpur.

Konstantin Sadenko

Mun taka yfir CrossFit heiminn hérna á Íslandi. Eftir miklar æfingar verður hann fastamaður í efstu sætunum á Heimsleikunum í Crossfit. Hann verður með fleiri en 5 milljón fylgjendum á Instagram.

Lilja Guðrún Vilmundardóttir

Eftir grunnskóla fer Lilja í félagsfræði og síðan í mannauðsstjórnun. Hún mun halda áfram í björgunarsveitinni og endar sem yfirmaður almannavarna á Íslandi þar sem hún skipuleggur og sinnir björgunar og öryggismálum fyrir allt landið. Hún hittir draumamakann í einu verkefninu sínu þegar hún bjargar honum úr íssprungu á Vatnajökli.

Nikola Urszula Piwowarska

Nikola mun útskrifast sem sjúkráþjálfari og nuddari. Hún mun opna sína eigin sjúkráþjálfara og nuddstofu þar sem henni mun ganga vel. Eftir að hafa verið kölluð inn til að nudda Michael B. Jordan þegar verið var að taka upp Creed 4 myndina á Íslandi verður hún mjög vinsæl á meðal kvikmyndaleikara og mun ferðast um heiminn að sjá líkamlegu heilsu stjarnanna.

Rúnar Máni Brynjarsson

Rúnar fer á flugvirkjabraut í FS og brillerar þar. Eftir skólann fær hann vinnu hjá Emirates airlines og mun ferðast um allan heim að vinna í vélum flugfélagsins. Rúnar mun búa í Dubai með konunni sinni sem hann kynntist í FS. Þau eignast stóra fjölskyldu sem ferðast með honum um allan heim.

Salóme Kristín Róbertsdóttir

Fer í háskóla í Bandaríkjunum á fótboltastyrk. Það lærir hún læknisfræði ásamt því að spila með skólaliðinu í fjögur ár. Eftir námið í Bandaríkjunum mun hún spila eiga frábæran feril í WMLS deildinni ásamt því að eiga frábæran feril með landsliðinu. Eftir fótboltaferilinn mun hún opna einkalæknisstofu.



SAMHERJI FISKELDI

Sigurbjörn Bergmann Ómarsson

Njósnavari frá Minnesota Vikings mun sjá Sibba spila og býður honum að koma í æfingabúðirnar fyrir tímabilið. Hann stendur sig frábærlega og fær fimm ára samning með liðinu og verður fyrsti Íslendingurinn til að spila í NFL deildinni.

Sigurður Stefánsson

Eftir grunnskóla fer Sigurður í framhaldsskóla og lærir viðskiptafræði. Eftir að hafa lokið háskólanámi í viðskiptum fer hann að vinna með hlutabréf. Hann verður mjög efnaður og kaupir sér hús/íbúðir út um allan heim þar sem hann ferðast með fjölskyldunni sinni og nýtur sín í botn.

Sindri Snær Reynisson

Eftir 10. bekk fer hann í FS á íþróttabraut. Hann verður í skólanum í eitt ár svo fer hann á samning hjá Bóa í KA sem markmaður liðsins í 3 ár og verður besti maður Íslandsmótsins á síðasta árinu hans hjá KA. Eftir það fær hann samning hjá stóru liði á Ítalíu.

Theodór Elmar Jónatansson

Eftir 10. bekk fer hann í MenTón og lærir meira á hljóðfæri. Hann stofnar hljómsveit með öðrum nemendum í skólanum og hljómsveitin mun vinna Músiktilraunir. Þeir munu fara í tónleikaferðir um allan heim og verða vinsælli en Of Monsters and Men.

Tinna Eydís Arnarsdóttir

Fer í FG eftir 10. bekk á leiklistabraut. Tinna tekur þátt í leiksýningum FG næstu ár og eftir stórleik fær hún tækifæri í aukahlutverki í spin off þáttum af Vikings á Netflix. Eftir það verkefni opnast margar dyr í kvikmyndaheiminum og mun hún eiga mjög farsælan leikara feril. Hún hittir draumamakann í við tækur á kvikmynd í Ástralíu.

Yngvar Adam Gústafsson

Mun fara í vélstjóranámið í Tækniskólanum eftir grunnskólann. Hann mun fá starf á aflamesta frystitogara frá Vestmannaeyjum sem vélstjóri. Hann verður mjög vel efnaður og hittir draumprinsessuna á Þjóðhátíð. Þau munu byggja saman eitt flottasta húsið á eyjunni og eiga einnig íbúðir í öllum heimsálfum.

Zuzanna Zarebska

Eftir stúdentsprófið mun hún fara í hjúkrunarfræði og verða hjúkrunarfræðingur. Hún mun verða mjög mikilvægur tengiliður pólskumælandi eintaklinga sem leita sér að lækniástoð. Zuzanna hittir draumprinsinn á skyndihjálparnámskeiði og eignast þau þrjú börn og verða hamingjusöm til æviloka.

Pórhallur Einar Daðason

Eftir 10. bekk fer hann á íþróttabraut í framhaldsskóla. Hann hættir í fótboltanum eftir góðan feril í meistaraflokki og tekur að sér þjálfun liðs í efstu deild. Hann vinnur nokkra titla og fær svo tilboð að komast í þjálfarteymi Birmingham.

Fótboltamót nemenda 10. bekkjar gegn starfsfólki

Hið árlega fótboltamót Sandgerðisskóla var haldið í byrjun október. 10. bekkjar mættu vel undirbúin til leiks og var mótið æsispennandi. Fór svo að kvennalið starfsmanna vann rétt svo með einum marka mun með lokatölur 6 - 5.

Strákarnir gáfu heldur ekkert eftir í seinni leik dagsins og endaði leikurinn með naumum sigri starfsmanna með lokatölur 7 - 6.

Skemmtileg fótboltahefð sem hefur verið haldið við hér í Sandgerðisskóla í rúm 30 ár.



ALMENN JÁRNAVINNA VIÐGERÐIR OG NÝSMÍÐI

Bollukappát á bolludaginn

Nemendaráð Sandgerðisskóla hélt upp á bolludaginn eins og flestir nemendur skólans með bolluáti. Þau ákváðu hins vegar að vera með kappát á sal þar sem valdir voru af handahófi tveir nemendur úr hverjum bekk til að borða bollur í keppni við samnemendur sína. Mikil stemning myndaðist á sal þar sem nemendur létu vel í sér heyra við að styðja við bakið á keppendum.

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir af keppendum í miðju átinu.



Hár- snyrti- og nuddstofan SPEZ

Sími: 4237953

Miðnestorgi 3, 245 Suðurnesjabæ

Lífsmottó 10. bekkjar

Amelia



I'll miss Y'all (Cries in Polish)

Andri Karl



Þegiðu mangó

Aron Dagur



Don't trust nobody

Arthur Lúkas



Það þarf að skjóta til að skora

Ágústa María



Lífið er eins og fótboltaleikur. Þú þarft markmið. Ef það eru engin markmið í lífinu þá getur þú ekki unnið.

Ármann Aaron

Brynja Dís



Out of sight. Out of mind.

Elfar Þór



Arthur gerði þetta!

Elísabet Kristín



Don't waste your time in anger, regrets, worries and grudges. Life is too short to be unhappy.

Elyas Ívar



Merci pour moi

Erla Sif



Aæi, oh my god strákar.
Hættiðessu.

Eydís Rut



Cry if you need to and let it
all out.

Gunnar Freyr



COYR!

Herbert Snær



It's not enough that I should
succeed - others should fail

Ísak Snær



Takk Quizlet.

Júlíana Purý Sól



Une mente negative nonca te dará
una vida positive.

Karolina



Just got out of a 10 year prison sentence. Willingly
going back to prison for 3 more years in 3 months, on
my own regard!

Kinga Viktoria



Ég hlusta meira á The Weeknd en
Hilmar og Kolla.

Konstantin



I've failed over and over again in my life. And that's why I succeed.

Lilja Guðrún



Þú manst ekki eftir dögunum. Þú manst eftir augnablikunum.

Nikola Urszula



I don't have a quote picked out so if that doesn't show how unprepared I am for the real life, idk what does.

Rúnar Máni



Ég er fitlandi góður og fróandi fínn.

Salóme Kristín



Hoppaðu af kletti (respectfully)

Sigurbjörn Bergmann



YOLO

Sigurður



BOSHKALAY BONG BONG

Sindri Snær



Það hlustar enginn á þig fyrir en þú gerir mistök.

Theodór Elmar



Daginn

Tinna Eydís



Walk weirdly instead of walking in pain.

Yngvar Adam



When life gives you lemons, throw them back and ask for chocolate.

Zuzanna



Rock'n Roll 4 life.

Pórhallur Einar





Ef þú elskar vatn þá elskarðu nú þegar 72% afmér.

 **South Air**
-at your service!

Bóndadagur/Konudagur

Föstudagurinn 20. janúar var bóndadagur og er það fyrsti dagur Þorra. Sandgerðisskóli tók þátt í þeim degi með þemað lopapeysa og/eða bindi. Nemendaráðið okkar bauð svo upp á smakk á þorramat en þau voru með hákarl, sviðasultu og hrútspunga. Nemendur og starfsfólk höfðu gaman af en eðlilega voru skiptar skoðanir á bragðinu

Nemendaráð skólans mætti eldsnemma í skólann mánudaginn 20. febrúar til að baka vöflur sem þau buðu 7. - 10. bekk upp á í frímínútum þann daginn. Tílefni gjörningsins var konudagurinn sem var á sunnudaginn 19. febrúar.



Til hamingju árgangur 2007!

Við erum stolt af ykkur.



SUÐURNESJABÆR

VELKOMIN Í SUÐURNESJABÆ